

**Nr. 117 / 09 Hannes Þ. Hafstein****Fær á sig sjó og skipverji slasast**

Skipaskr.nr. 2310  
Smíðaður: Englandi 1975 plast  
Stærð: 42,9 brl. 42 bt.  
Mesta lengd: 16,31 m Skráð lengd: 15,47 m  
Breidd: 5,2 m Dýpt: 2,7 m  
Vél: Caterpillar 544 kW 1975  
Fjöldi skipverja: 5



Hannes Þ. Hafstein ©Landsbiörg

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagni í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. október 2009 var björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein á siglingu í Faxaflóa. Veður: Kaldi og talsverður sjór.

Skipið var á leiðinni til Grundarfjarðar með harðbotna björgunarbátinn Njörð Garðarsson sk.nr. 7544 í togi. Á siglingunni var siglt harkalega fram af öldu og skömmu seinna uppgötvaðist að björgunarbáturinn hafði slitnaði aftan úr. Þegar skipstjóri hraðaði sér í brú til að stjórna leitinni að bátnum kastaðist hann til með þeim afleiðingum að höfuðið slóst í dyrakarm og hann vankaðist og fékk sár á höfuð. Leit að bátnum var hætt og siglt með slasaða til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að stjórnandi sem var við stjórn sagðist hafa dregið af ferð þegar hann tók við stjórninni en taldi samt að orsök atviksins hafi verið of mikil ferð skipsins en á þeim tíma var siglt á 12 hnútum;
- að nokkrum mínútum fyrir óhappið hafði einn skipverji farið út og sá þá ljós frá bátum og var hann í togi og allt virtist vera í lagi. Efir að skipið stakkst fram af öldunni var aftur athugað með bátinn en þá var dráttartaugin átakslaus og ekkert ljós að sjá frá bátnum. Stjórnandi taldi þetta tímabil hafa verið um 5 til 10 mínútur;
- að ekki var tekin nákvæm staðsetning þegar kom í ljós að bj. Njörður var týndur en stjórnandi taldi það hafa verið 13 – 14 sml SA af Arnarstapa;

- að dráttartaugin úr bj.s. Hannesi Þ. Hafstein var 45 mm nælon en við bb. Njörð Garðarsson var hún fest í grennra tóg sem greinilega hefur nuddast við eitthvað og slitnað í sárinu.

*Nefndarálit:*

Orsök atviksins er óvarleg sigling við viðsjárverðar aðstæður.